

Alþingi
Erindi nr. P 133/780
komudagur 2.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. febrúar 2007
Tilvísun: 2007010081/12.1
SE/BH
17.01.2007


Efni: Um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, 388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög.

Með bréfi dags. 17.01. sl. er óskað umsagnar Vegagerðarinnar vegna ofangreinds frumvarps til laga um breyting á ákvæðum umferðarlaga. Annars vegar er um að ræða ákvæði er snerta útgáfu ökuskírteina og hins vegar ákvæði er varða viðurlög við brotum gegn lögnum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að umræddum breytingum er annars vegar ætlað að herða reglur um útgáfu bráðabirgðaskírteina. Hins vegar eru lagðar til breytingar er fela í sér hert viðurlög við umferðarlagabrotum. Sú stefna er mörkuð er í frumvarpinu að taka harðar á sérlega hættulegum og alvarlegum umferðarlagabrotum sem talið er geta haft fyrirbyggjandi áhrif og þar með draga úr hættu sem þeim fylgja í umferðinni.

Vegagerðin er fylgjandi þeirri stefnu sem lögð er til grundvallar frumvarpinu og sér ekki ástæðu til athugasemda við einstök ákvæði þess.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri